

## Ársfundur Náttúruverndarnefnda 2004

Ársfundur Náttúruverndarnefnda 2004 var haldinn að Hótel Glym Hvalfirði þann 8. október í tengslum við fund Staðardagskrár 21.

Fundarstjórar voru Páll Brynjarsson og Árni Bragason, Fundarritari var Stefán Benediktsson.

Um 50 manns mættu á fundinn. Meðfylgjandi er þátttakendalisti

**Árni Bragason** forstöðumaður náttúruverndar- og útivistarsviðs Umhverfisstofnunar setti fundinn og bauð gesti velkomna, kynnti dagskrá og sagði að farið yrði í gegnum hlutverk náttúruverndarnefnda og skörun þeirra við aðrar nefndir.

**Ingimar Sigurðsson** skrifstofustjóri fór yfir helstu náttúruverndarmál liðins árs.

Náttúruverndaráætlun er þar viðamest og einnig vinna að Vatnajökulsþjóðgarði. Hann kynnti einnig að unnið væri að endurskoðun á reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Jafnframt upplýsti hann að þema á Umhverfispingi haustið 2005 yrði "Sjálfbær þróun og mat á framkvæmdum" og "Landsáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika".

Ingimar sagði einnig frá því kom að frá ESB væru komnar kröfur um vöntun strandsvæða sjávar, stöðuvatna og fallvatna og að vöktunin eigi að ná yfir svæði sem nemur meira en 1½ mílu (3-4 km) frá strönd.

**Kristín Linda Árnadóttir**, fjallaði um hlutverk náttúruverndarnefnda og vægi þeirra.

Fram kom hjá henni að hlutverk náttúruverndarnefnda væri að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál og ættu einnig að sinna fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir á sínu svæði, sem líklegt er að hafa áhrif á náttúru og ber nefnd að gera tillögur til úrbóta til sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar.

Um vægi náttúruverndarnefna kom fram að þær hafa ekki lögbundið ákvörðunarvald og því lítið vægi annað en að veita umsögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og mats vegna deili- og aðalskipulags. Fram kom að Kristín telur að vankantar væru á að sameina náttúruverndarnefnd öðrum nefndum þar sem þær eiga undir hana að sækja með umsagnir svo sem gerð skipulagsáætlana og mats á umhverfisáhrifum..

**Páll Brynjarsson** fjallaði um hlutverk náttúruverndarnefnda út frá sjónarhóli sveitarstjórnar. Fram kom að þróun undanfarna ára hafi verið að nefndum hefur fækkað og þær sameinaðar öðrum nefndum. Það hefði í för með sér að hefur verksvið nefndanna hefur aukist. Sagði hann að auka þyrfti samræmingu til að skapa breiðari grundvöll og gera náttúruverndarnefndum hærra undir höfði hjá sveitarstjórnnum. Jafnframt benti hann á nauðsyn þess að nefndirnar hefðu starfsmann. Einnig kynnti hann þróunina í þessum málum á öðrum Norðurlöndum og sagði að í einu sveitarfélagi í Noregi hefði verið unnin stefnumörkun sem hefur leitt til þess að nú starfi ein allsherjar rekstrarnefnd hjá sveitarfélaginu.

**María Harðardóttir** fjallaði um náttúruverndaráætlun, tilurð hennar, undirbúning, efni, hugmyndafræði og fræðilegan grunn. Fram kom að náttúruverndaráætlun var unnin í tveimur áföngum. Sá fyrri er skýrsla sem Umhverfisstofnun gaf út í október 2003 og ber heitið: Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Þar er fjallað um 75 svæði sem þykir ástæða til að friðlýsa. Seinni áfanginn er þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem umhverfisráðherra lagði fram á vorþingi 2004 og Alþing samþykkti. Það er hin eiginlega náttúruverndaráætlun. Þar er búið að forgangsraða svæðunum 75 og búið að draga út 14 svæði en á næstu fimm árum skal hefja undirbúning friðlýsinga þeirra. Lögð var áhersla á að það sé stefna náttúruverndaryfirvalda að friðlýsa ekki svæði nema í fullri sátt við þá sem landið eiga og það sé vilji fyrir því að svo verði áfram. Fram kom að Náttúrufræðistofnun Íslands var helsti samstarfsaðili Umhverfisstofnunar við undirbúning náttúruverndaráætlunar.

**Hrafnkell Á. Proppé** fjallaði um Náttúruverndaráætlun frá sjónarhóli sveitarfélaganna. Benti hann á að Umhverfisstofnun hefi leitað til sveitarfélaganna í upphafi verksins og einnig óskað eftir athugasemdum við drög stofnunarinnar að náttúruverndaráætlun. Einnig að á Umhverfisþingi í nóvember 2003 hafi gefist tækifæri til umræða um áætlunina. Fram kom að við gerð aðalskipulags væri ekki gerð sú krafa að búið væri að skrá náttúru- og fornminjar. Hann benti á að skortur væri á grunnögnum um náttúrufar og lagði til að nota ætti verklag náttúruverndaráætlunarinnar við aðalskipulagsgerð. Hann taldi náttúruverndaráætlunina tvímælalaust til hagsbóta fyrir sveitarfélögin. Í því sambandi benti hann m.a. á að umfjöllun stuðli að lýðræðislegri og opinni umræðu um náttúruvernd heima í héraði.

**Umræður** urðu þó nokkrar, m.a. kom fram fyrirspurn um hvernig náttúruverndarnefnd gæti stöðvað framkvæmdir á efnistöku á fornminjasvæði sem væri yfir 100 ára. Var bent hlutverk Fornleifaverndar. Fram kom að einstaklingur getur kært athafnir sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, en sveitarstjórnarnefnd ekki, þar sem hún er hluti af stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Spurt var:

- Hvert ætti að vera samráð milli náttúruverndar/umhverfisnefndar og sveitarstjórnar. Ekki hafa allar nefndir fengið erindisbréf til að starfa eftir.
- Hvernig hægt væri að fræða um og tryggja aðgengi að svæðum sem eru á náttúruminjasrá og hver ætti að tryggja aðkomu.
- Hvort rétt væri skilið að viðkomandi hefði meiri andmælarétt sem einstaklingur en nefndarmaður.
- Hvað náttúruverndarnefndir eða sveitarfélagið gæti gert þegar aðilar hefðu keypt jörð og girt af fyrir almenning til sjávar.
- Hvaða svæði þola stóriðju, mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi vegna álverksmiðju.
- Hver væru næstu skref í vinnu við Náttúruverndaráætlun, hvort fyrirhugaðar væru rannsóknir og gagnaöflun á þeim svæðum sem Alþingi væru búið að samþykkja og hvort setja ætti kröfur um að þau svæði verði rannsökuð sérstaklega.
- Hvað verður um þau svæði sem ekki voru samþykkt nú á alþingi, verður unnið með þau áfram.
- Hvort þau svæði (6) sem sveitarfélögin komu með tillögu um hefðu verið sett inn í Náttúruverndaráætlun.
- Hvað felst í friðlýsingu, t.d. hraunmyndana, hvort ekki mætti þá fara inn á það svæði t.d. til veiða?
- Hvort menn velti fyrir sér hvaða hætta sé búin lífríki á þeim svæðum sem ekki komust inn í Náttúruverndaráætlunina.

Í svörum kom fram að:

- Samráð náttúruverndar/umhverfisnefndar og sveitarstjórnar væri yfirleitt í formi opinnar umræða og síðan komi skrifleg umsögn.
- Að umhverfisnefndir hefðu ekki stuðning í lögum bara náttúruverndarnefndir.
- Héraðsnefndir fara með náttúruverndarmál.
- Erindisbréf eiga að skýra hlutverk nefndarinnar. Bæjarráð sendir til dæmis erindi til nefndarinnar.
- Fram kom að almennaréttur er skýr. Í lögum er afdráttarlaust að ekki má girða í sjó fram. Aðgengi verður að tryggja með hliðum eða tröppum og göngustíg þannig að almenningur hafi aðgang að vatnsbólum.
- Umhverfisstofnun kemur að stóriðju á margan hátt bæði í mati og starfsleyfi

- Ef sameinaða nefndir væru að fjalla um mál sem tilheyrðu sitt hverjum hluta nefndarinnar, þá yrði að slíta fund hjá þeim hluta sem ekki ætti að fjalla um málið setja fund hjá hinum hluta nefndarinnar til dæmis heilbrigðis- og náttúruverndarnefnd.
- Það er ekki til áætlun um rannsóknir á þeim svæðum, í Náttúruverndaráætlun ráðherra ekki gert ráð fyrir því í kostnaðaráætlun.
- Svæðin sem ekki voru samþykkt núna verða áfram í endurskoðun, Sveitafélög sem áhuga hafa á að halda áfram með þau svæði sem ekki voru samþykkt á Alþingi, geta haldið áfram að eigin frumkvæði og óskarð eftir friðlýsingu svæðis á sínu umráðasvæði.
- Sveitarfélögum var sent bréf árið 2000 og þá komu fram tillögur um náttúruverndarsvæði sem fóru inn í Náttúruverndaráætlun, en þær tillögur sem komu eftir að drögin voru send út á síðasta ári, fara væntanlega inn þegar áætlunin verður endurskoðuð.
- Í friðlýsingu eru settar ákveðnar umgengnisreglur til verndar því sem friðlýst er. Reglurnar taka mið af eðli friðlýsingar t.d. er sérstaklega fjallað um veiðar eða bann við veiðum þar sem verið er að vernda lífríki. Öðru máli gegnir þegar verndun jarðminja á við.

**Anna Dóra Sæþórsdóttir** sagði frá skýrslu um þolmörk á nokkrum friðlýstum svæðum sem unnin hafði verið hjá ferðamálabraut H.Í. í samvinnu við ferðamálaráð og fl. Fór hún yfir hvað væru þolmörk: mörk sem náttúran setur, sem innviðir setja og sem samfélagið setur sér. Sagði hún frá rannsókn sem fram fór á 6 stöðum inn á hálendinu. Ýmislegt fróðlegt kom þar fram um væntingar og fjölda ferðamanna sem fólk vildi hafa á svæðunum. Fram kom í fyrirspurnum að engin aðili væri til sem tæki þetta að sér ef sveitarfélög óskuðu eftir því, vantaði þar sérkunnáttu.

**Hrefna Sigmarsdóttir**, Húsafelli fjallaði um ferðaþjónustu frá sjónarhóli þjónustuaðila. Hún fjallaði m.a. um samstarf náttúruverndarnefnda og ferðaþjónustuaðila. Sagði hún frá umfangi ferðaþjónustu að Húsafelli, sem skiptist í 3 hluta: orkubúskap, sumarhúsalóðir og þjónustu við ferðamenn með verslun, veitingar, gistingu, sundlaug, golfvöll og fl. Kom fram hjá henni að fjölgun ferðamanna hefði orðið í Húsafelli. Gerð var könnun á þjónustunni að Húsafelli hjá innlendum ferðamönnum og kom þar fram m.a. að bæta þyrfti tjaldaðstöðu og leiksvæði. Þessa könnun nýttu þau á Húsafelli sér til uppbyggingar á svæðinu. Fram kom hjá henni að efla þurfi samstarf ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnir á svæðinu.

**Davíð Egilson**, kynnti starfsemi Umhverfisstofnunar og sagði hlutverk hennar m.a. vera að stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins. Fór hann yfir innra verklag hjá stofnuninni sem skipt er í 8 svið og lýsti helstu verkefnum þeirra: Sérstaklega kynnti hann náttúruverndar- og útivistarsvið. Fram kom að náttúruverndarnefndir væru sveitarstjórnnum til ráðgjafa í náttúruverndarmálum og ættu að stuðla að náttúruvernd á sínu svæði með aukinni fræðslu um umfjöllum um framkvæmdir sem geta haft áhrif á náttúruna.

**Sigurrós Friðriksdóttir** kynnti að lokum veggspjöld með kynningarefni meðal annars um auglýsingaskilti meðfram vegum og bað nefndarmenn að koma með tillögur um hvað þeim fyndist um skiltin og hvernig þeir vildu sjá þau í framtíðinni. Fram kom að gæta þyrfti sérstaklega að við hönnun og uppsetningu skilta, taka þyrfti mið af stærðarhlutföllum, formi og litum sem hæfðu umhverfinu. Einnig að þau væru látlaus og að vegfarendum stafi ekki hætta af þeim og þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Sýndi hún myndir af nokkrum auglýsingaskiltum sem dæmi um hvernig skilti gætu litið út ef engar reglur væru. Sagði hún að sveitarfélögum yrði send bréf fljótlega um þessi mál með beiðni um tillögur.

**Umræður** í fundarlok snerust að mestu um vald og hlutverk náttúruverndarnefnda, styrkingu og aukið mikilvægi auk ábendinga til UST. Fram kom að náttúruverndarnefndir hafa yfirleitt engin afskipti af útivistar og ferðamálum. Bent var á ólíka stöðu nefnda m.t.t. valds innan sveitafélaganna. Gott væri að hafa verklagsreglur og gátlista.